

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Jón Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen.

### 1. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Hið sama á við um mál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi erlendra gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 2012.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt og er það því endurflutt.

Með frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málslíður sem mælir fyrir um það að dómsmál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti, skuli sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laganna, en sá kafli fjallar um flýtimeðferð einkamála fyrir dómstólum.

Núgildandi ákvæði 123. gr. laga um meðferð einkamála mælir fyrir um að hyggist aðili höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og það færi ella eftir almennum reglum laganna geti aðili málsins óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi dómsniðurstaðan almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands, í málum Óskars Sindra Atlasonar gegn SP-Fjármögnun hf. og Sigurðar Pálmasonar gegn Lýsingu hf., þar sem gengistrygging lána var annars vegar dæmd ólögmæt og hins vegar þar sem rétturinn ákvarðaði vaxtaútreikning við endurreikning þeirra hefur risið upp ágreiningur um fordæmisgildi dómanna og áhrif þeirra á ýmis álitamál tengd niðurstöðum Hæstaréttar. Nægir þar að nefna ágreining um hvort dómarnir hafi þýðingu varðandi gengistryggð húsnæðislán, gengistryggð lán til fyrirtækja og fleiri álitamál. Þá hefur efnahags- og viðskiptaráðherra boðað aðgerðir ríkisstjórnarinnar og lagt fram frumvarp sem ætlað er að bregðast við niðurstöðum Hæstaréttar. Að mati fræðimanna á sviði lögfræði er ekki ólíklegt að samþykkt þess frumvarps kunni að leiða til réttarágreinings fyrir dómstólum.

Eins og áður segir er viðbúið að látið verði reyna á þau álitafni sem hér hafa verið nefnd og eftir atvikum önnur álitamál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána fyrir dómstólum. Niðurstaða slíkra dómsmála munu augljóslega hafa almenna þýðingu og varða stórfellda hagsmuni fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fjármálastofnanir.

Mikilvægt er að álitafni sem risið hafa í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um gengis-tryggð lán hljóti skjóta úrlausn í dómskerfinu, leiði sá ágreiningur sem uppi er til þess að látið verði á hann reyna fyrir dómstólum.

Til þess að tryggja hraða málsmeðferð þeirra álitamála sem hér hafa verið nefnd og varða með einum eða öðrum hætti réttaráhrif dóma Hæstaréttar um ólögmati gengistryggðra lán og álitafni þeim tengd er lagt til í frumvarpi þessu að slík mál sem dómstólar fá til meðferðar fái skilyrðislausu flýtimeðferð innan dómskerfisins samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Gera má ráð fyrir að sá ágreiningur sem upp kann að koma og tengist gengis- eða verðtryggingu lána og skilmálum slíkra skuldbindinga verði til lykta leiddur fyrir 1. janúar 2012. Er því lagt til að sú sértæka málsmeðferðarregla sem lagt er til með frumvarpinu að verði lögfest falli úr gildi eigi síðar en hinn 1. janúar 2012.